

# Konungsúrskurður

Nr. 1  
12. febr.

um

lögun hins klfna fána og um notkun hans, svo og um  
fána hafnsögumanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda  
og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Djettmerski, Láenberg og Áldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegulegum tillögum stjórnarráðs Íslands höfum Vjer  
allramildilegast úrskurðað þannig:

Með tilvísun til konungsúrskurðar 30. nóvember f. á., um fánann, skal lögun hins  
klfna fána, sem stofnauir ríkisins einar mega nota, vera þannig: að krossbreidd og gerð  
stangarreita skal hinn klfni fáni vera svo sem hinn almenni fáni, farfáninn, en ytri reitirnir  
skulu vera þrefalt lengri en stangarreitirnir og  $\frac{4}{7}$  af lengd þeirra, oddmyndaðir, skárneiddir  
á innjöðrum alt frá hinni lárjettu rauðu krossálmunni, er skal þverskorin; skulu hvítu rendurnar  
beggja vegna við rauðu krossálmuna skáskornar með. Laudsímafáni, pósthfáni og tollgæslufáni  
skulu vera klfafánar með merki í efra stangarreit miðjum þannig: Laudsímafáni með stjörnu  
með neistum út frá til allra hliða, pósthfáni með horni og tollgæslufáni með stóru tjei (T).  
Skulu merki þessi vera silfurlit og gylt kóróna yfir.

Fáni hafnsögumanna skal vera sem farfáninn en með hvítum jöðrum á alla vegu  
jafnbreiddum krossinum, það er  $\frac{4}{7}$  af breidd bláu reitanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaluborg, 12. febrúar 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendj og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*